

LÖG

um erfðaeftisskrá lögreglu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkislögreglustjóri skal halda rafræna skrá með upplýsingum um erfðaeftni einstaklinga og nefnist hún erfðaeftisskrá lögreglu. Tilgangur skrárinnar er að lögregla geti nýtt hana við rannsókn sakamála og til að bera kennsl á ákveðna menn.

Ríkislögreglustjóri annast skráningu í erfðaeftisskrána og ber ábyrgð á skránni. Hann skal gæta þess að uppfyllt séu ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra um öryggismat, öryggisráðstafanir og innra eftirlit.

2. gr.

Erfðaeftisskrá skiptist í:

- a. *kennslaskrá*, með upplýsingum um erfðagerð einstaklinga sem um getur í 4. gr., og
- b. *sporaskrá*, með upplýsingum um erfðaeftni sem fundist hafa á brotavettvangi, eða á mönnum eða munum sem ætlað er að tengist broti, án þess að vitað sé frá hverjum þau stafa.

3. gr.

Í erfðaeftisskrá skal eingöngu færa upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang og erfðagerð einstaklings ásamt vísun til dóms eða málsnúmers óupplýsts sakamáls.

Þegar erfðaeftnisupplýsingar hafa verið unnar úr fyrirbyggjandi lífsýni skal eyða sýninu.

4. gr.

Í kennslaskrá má skrá upplýsingar um erfðagerð þeirra sem:

- a. hlotið hafa refsídóm fyrir brot á ákvæðum X. kafla, XI. kafla, 108. gr., 164.–166. gr., 170.–171. gr., 194.–196. gr., 1. og 2. mgr. 200. gr., 201.–202. gr., 211. gr., 2. mgr. 218. gr., 1. mgr. 220. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um dóm fyrir tilraun og hlutdeild í þeim brotum;
- b. sýknaðir hafa verið af ákæru um brot gegn þeim lagaákvæðum sem getið er í a-lið, þar með talin tilraunar- og hlutdeildarbrott, vegna skorts á sakhæfi, eða dæmdir hafa verið til að sæta öryggisráðstöfunum skv. VII. kafla almennra hegningarlaga fyrir sömu brott;
- c. tilgreindir eru í a- og b-lið og afplána refsídóm uppkveðinn fyrir gildistöku laga þessara, sæta öryggisráðstöfunum eða hefur verið veitt reynslulausn og reynslutími er ekki liðinn.

Ekki má færa í kennslaskrá upplýsingar um önnur tilvik en greindir í 1. mgr. nema brýnar ástæður beri til og það hafi sérstaka þýðingu fyrir notagildi skrárinnar.

5. gr.

Hafi lífsýni ekki verið tekið úr einstaklingi áður en fullnaðardómur gengur er heimilt að gera það innan sex mánaða frá uppkvaðningu dóms.

Töku blóðsýnis annast læknir, hjúkrunarfræðingur eða meinataeknir. Dómfellda er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg vegna töku lífsýnis.

6. gr.

Þegar upplýsingar um einstakling hafa verið skráðar á grundvelli 4. gr. ber ríkislög-reglustjóra að tilkynna honum skriflega um skráninguna og tilgang hennar.

7. gr.

Upplýsingar sem skráðar hafa verið í kennslaskrá skal afmá:

- a. eigi síðar en tveimur árum eftir andlát hins skráða,
- b. eigi síðar en sex mánuðum eftir að hinn skráði hefur verið sýknaður eftir endurupp-töku máls,
- c. þegar ljóst er að þær eru rangar eða hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar.

Upplýsingar sem skráðar hafa verið í sporaskrá skal afmá:

- a. þegar kennsl hafa verið borin á þann sem upplýsingarnar stafa frá,
- b. við fyrningu brots sem um er að ræða.

8. gr.

Eftirtöldum yfirvöldum má veita aðgang að upplýsingum úr skránni:

- a. lögreglustjórum, ríkissaksóknara, dómsmálaráðuneytinu,
- b. erlendum dómstólum og erlendum dómsmálayfirvöldum þegar upplýsingar á að nota við rannsókn eða meðferð sakamáls, enda verði það talið samrýmanlegt íslensku réttarskipulagi,
- c. rannsóknarstofu sem annast greiningu erfðaefnis samkvæmt þjónustusamningi við dómsmálaráðuneytið, að því marki sem nauðsynlegt er vegna rannsóknar eða meðferðar sakamáls.

Öðrum en þeim sem getur í 1. mgr. er ekki heimilt að veita aðgang að skránni, sbr. þó 2. mgr. 9. gr.

9. gr.

Persónuvernd skal hafa eftirlit með því að skráning og meðferð skráðra upplýsinga sé í samræmi við lög þessi og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Persónuvernd skal einnig hafa eftirlit með því að öryggi skrárinnar sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að henni eða geti haft áhrif á skráningu í hana.

Persónuvernd hefur aðgang að skráðum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum til að sinna eftirliti með erfðaefnisskrá.

Nú gerir Persónuvernd athugasemdir við starfrækslu skrárinnar og skal hún þá koma þeim og tillögum um úrbætur á framfæri við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytið. Að öðru leyti fer um heimildir Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

10. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna, þar á meðal um færslur í skrána, aðgang að henni og eftirlit.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.